

1865.
21. sept.

að vera laus við að gjalda tíund af 20 hundruðum í jörð þessari, af því að þau, að því er virðist, eru eign kirkjunnar á Mýrum.

Um þetta skal reikningastjórnardeildinni til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á sama máli og yfirskoðari um það, að, ef það verður sannað, að kirkjan á Mýrum eigi þau 20 hundruð í heimalandi, sem um er rædt, eigi þau að vera undanþegin tíund.

21. sept.

76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sveitarstyrk handa Magnúsi gjörtlara Eyjólfs-syni.

Með bréfi 24. júnímán. þ. á. hefir stiptamtið sent hingað skjál nokkurt; í því ber sveitarstjórnin í Fljótshlíðarhrepp í Rangárvalla sýslu sig upp undan því, að krafzt sé, ófyrirsynju að hennar hyggju, af hrepp þessum endurgjalds á 57 rdl. 78 sk., sem greiddir hafa verið á árunum 1858—61 úr sveitarsjóði Vestmannaeyja í sveitarstyrk handa Magnúsi gjörtlara Eyjólfs-syni og börnum hans tveim, en að öðru leyti hefir verið kann-
azt við, að hann sé sveitlægur í Fljótshlíðar hrepp.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnar-ráðið fellst á úrskurð þann, sem stiptamtið lagði á mál þetta 13. júlímán. 1863; en eptir þeim úrskurði á Fljótshlíðar hreppur að endurgjalda sveitarsjóði Vestmannaeyja fé það, sem að ofan er um rædt.

29 fylgiskjöl eru send aptur með bréfi þessu.

23. sept.

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lóð í Reykjavík, er verzlunarhúsinu Koch og Henderson hefir verið úthlutað.

Með bréfi dagsettu 9. júnímán. þ. á. hefir stiptamtið sent hingað bænarskrá frá Óla Finsen, fulltrúa verzlunarhússins Kochs